

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndina) nr. 143/2015.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Ákvæði 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Côte d'Ivoire nr. 143/2015 hljóði svo:

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1).
  - 1.1 Ákvörðun ráðsins 2010/801/SSUÖ frá 22. desember 2010 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.1).
  - 1.2 Ákvörðun ráðsins 2011/18/SSUÖ frá 14. janúar 2011 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.2).
  - 1.3 Ákvörðun ráðsins 2011/221/SSUÖ frá 6. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.3).
  - 1.4 Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2012/144/SSUÖ frá 8. mars 2012 um framkvæmd ákvörðunar 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.4).
  - 1.5 Ákvörðun ráðsins 2012/371/SSUÖ frá 10. júlí 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.5).
  - 1.6 Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/271/SSUÖ frá 12. maí 2014 um framkvæmd ákvörðunar 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.6).
  - 1.7 Ákvörðun ráðsins 2014/460/SSUÖ frá 14. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.7).
  - 1.8 Ákvörðun ráðsins 2015/202/SSUÖ frá 9. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.8).
  - 1.9 Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2015/621/SSUÖ frá 20. apríl 2015 um framkvæmd ákvörðunar 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 1.9).
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 frá 31. janúar 2005 um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi (sjá fylgiskjal 2).
  - 2.1 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1032/2010 frá 15. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist hernaðarstarfsemi (sjá fylgiskjal 2.1).
  - 2.2 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 668/2011 frá 12. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi (sjá fylgiskjal 2.2).
  - 2.3 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 617/2012 frá 10. júlí 2012 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi (sjá fylgiskjal 2.3).

- 2.4 Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/192 frá 9. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi (sjá fylgiskjal 2.4).
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 frá 12. apríl 2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 3).
- 3.1 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 25/2011 frá 14. janúar 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 3.1).
- 3.2 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 330/2011 frá 6. apríl 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 3.2).
- 3.3 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 193/2012 frá 8. mars 2012 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 3.3).
- 3.4 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 479/2014 frá 12. maí 2014 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 3.4).
- 3.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/615 frá 20. apríl 2015 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire (sjá fylgiskjal 3.5).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra vísað á vef öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

2. gr.

*Breytingar á fylgiskjöllum.*

Fylgiskjöl 1-1.7, 2-2.3, og 3-3.4 eru ekki birt hér en koma fram í reglugerð nr. 143/2015 sem fylgiskjöl 1-8, 9-12 og 13, 15, 16, 17 og 18.

3. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 30. október 2015.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

**Fylgiskjal 1.8.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/202**  
**frá 9. febrúar 2015**  
**um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ**  
**um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/656/SSUÖ <sup>(<sup>1</sup>)</sup>.
- 2) Gera ætti undanþágu frá banninu við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á búnaði sem nota má til bælingar innanlands til að heimila sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á tilteknum hlutum einungis til borgaralega nota við námugróft eða verkefni á sviði grunnvirkja.
- 3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda þessari aðgerð í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í ákvörðun 2010/656/SSUÖ bætist eftirfarandi grein við:

*„1. gr. a*

Ákvæði 1. gr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á tilteknum búnaði sem nota má til bælingar innanlands þegar búnaðurinn er einungis til borgaralegra nota við námugróft eða verkefni á sviði grunnvirkja og háð leyfisveitingu lögbærra stjórnvalda útflutningsaðildarríkisins í hverju tilviki fyrir sig.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2015.

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. Mogherini

*forseti.*

---

<sup>(<sup>1</sup>)</sup> Ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (Stjttíð. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28).

**Fylgiskjal 1.9.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2015/621/SSUÖ**  
**frá 20. apríl 2015**  
**um framkvæmd ákvörðunar 2010/656/SSUÖ**  
**um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire.**

Í stað I. viðauka við ákvörðun 2010/656/SSUÖ kemur textinn sem kemur fram í I. viðauka við ákvörðun þessa. II. viðauka við ákvörðun 2010/656/SSUÖ er breytt í samræmi við II. viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

*I. VIÐAUKI*

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í heildarlista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna varðandi þvingunaraðgerðir:

<https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/un-sc-consolidated-list#identifiers and acronyms>.

Færslur sem varða Côte d'Ivoire eru merktar „CI“ í upphafi númers. Birtingardagsetning viðkomandi aðila á vef öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna kemur fram á eftir orðunum „listed on“.

## II. VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í II. viðauka (Annex II) við ákvörðun ráðsins 2015/621/SSUÖ sem er birtur í Stjórnartíðindum ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1445966024542&uri=CELEX:32015D0621>.

### **Fylgiskjal 2.4.**

#### **REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/192**

**frá 9. febrúar 2015**

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005  
um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 2010/656/SSUÖ var felld niður sameiginleg afstaða ráðsins 2004/852/SSUÖ <sup>(2)</sup> og þvingunaraðgerðir framlengdar gegn Côte d'Ivoire til að koma til framkvæmda ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004) og síðari ályktunum. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 <sup>(3)</sup> var samþykkt til að koma til framkvæmdar sameiginlegri afstöðu 2004/852/SSUÖ og kemur nú til framkvæmda ákvörðun 2010/656/SSUÖ á vettvangi Sambandsins með því að setja takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- 2) Gera ætti viðbótarundanþágu frá banninu við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á tækjabúnaði sem nota má til bælingar innanlands til að unnt sé að heimila tiltekinn búnað, eftir því sem við á, til borgaralegra nota við námugróft eða verkefni á sviði grunnvirkja, í kjölfar samþykktar ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2015/202 <sup>(4)</sup>.
- 3) Sú aðgerð fellur undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti ákvæðum hennar með samræmdum hætti.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 174/2005 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### *1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 174/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 1. gr. falli brott.
- 2) Í stað 4. gr. a komi eftirfarandi:

#### *„4. gr. a*

1. Þrátt fyrir 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. skrá í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu eða, hafi útflytjandinn ekki staðfestu innan Sambandsins, í því aðildarríki sem tækjabúnaðurinn kann að vera seldur, afhentur, tilfærður eða fluttur út frá heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á óbanvænum búnaði, sem skráður er í I. viðauka, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi óbanvænn búnaður sé einungis ætlaður til að gera öryggisveitum Côte d'Ivoire kleift að beita aðeins viðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er haldið uppi.

2. Þrátt fyrir 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. skrá í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu eða, hafi útflytjandinn ekki staðfestu innan Sambandsins, í því aðildarríki sem tækjabúnaðurinn kann að vera seldur, afhentur, tilfærður eða fluttur út frá, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á búnaði, sem nota má til bælingar innanlands, sbr. skrá í I. viðauka og einungis er ætlaður til stuðnings við umbætur Côte d'Ivoire á sviði öryggismála og til stuðnings við eða nota fyrir verkefni Sameinuðu þjóðanna á Côte d'Ivoire (UNOCI) og franska liðsaflann sem styður þær.

3. Veita skal heimildirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 428/2009 og skulu þær gilda í öllu Sambandinu.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

5. Engar heimildir skal veita fyrir starfsemi sem þegar hefur farið fram.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. b

1. Þrátt fyrir 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. skrá í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu eða, hafi útflytjandinn ekki staðfestu innan Sambandsins, í því aðildarríki sem tækjabúnaðurinn kann að vera seldur, afhentur, tilfærður eða fluttur út frá, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á búnaði, sem skráður er í 4. lið I. viðauka, sé búnaðurinn einungis ætlaður til borgaralegra nota við námugróft eða verkefni á sviði grunnvirkja.

2. Veita skal heimildina, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 428/2009 og skal hún gilda í öllu Sambandinu.

3. Útflytjendur skulu veita lögbæru stjórnvaldi allar viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er vegna mats á umsóknum þeirra um heimild.

4. Lögbæra stjórnvaldið skal ekki veita heimild fyrir neinni sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á tækjabúnaði, sem skráður er í 4. lið I. viðauka, nema það hafi gengið úr skugga um að búnaðurinn sé einungis ætlaður til borgaralegra nota við námugróft eða verkefni á sviði grunnvirkja.

5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, með a.m.k. einnar viku fyrirvara, um þá fyrirætlan sína að veita heimild sem um getur í 1. mgr.

6. Engar heimildir skal veita fyrir starfsemi sem þegar hefur farið fram.“

4) Í stað fyrirsagnar I. viðauka komi eftirfarandi:

„Skrá yfir tækjabúnað sem nota má til bælingar innanlands eins og um getur í 3. gr., 4. gr. a og 4. gr. b“.

5) Í stað fyrirsagnar II. viðauka komi eftirfarandi:

„Skrá yfir lögbær stjórnvöld sem um getur í 4. gr. a og 4. gr. b“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2015.

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. Mogherini

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Sameiginleg afstaða ráðsins 2004/852/SSUÖ frá 13. desember 2004 um þvingunaraðgerðir gegn Côte d'Ivoire (Stjtið. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 50).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 frá 31. janúar 2005 um takmarkanir á aðstoð við Côte d'Ivoire sem tengist herstarfsemi (Stjtið. ESB L 29, 2.2.2005, bls. 5).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/202 frá 9. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Côte d'Ivoire (Stjtið. ESB L 33, 10.2.2015, bls. 37).

**Fylgiskjal 3.5.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/615**

**frá 20. apríl 2015**

**um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Côte d'Ivoire.**

Textinn sem kemur fram í I. viðauka við reglugerð þessa kemur í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005.

I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005 er breytt í samræmi við II. viðauka við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*I. VIÐAUKI*

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í heildarlista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna varðandi þvingunaraðgerðir:

[https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/un-sc-consolidated-list#identifiers and acronyms](https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/un-sc-consolidated-list#identifiers%20and%20acronyms).

Færslur sem varða Côte d'Ivoire eru merktar „CI“ í upphafi númers. Birtingardagsetning viðkomandi aðila á vef öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna kemur fram á eftir orðunum „listed on“.

*II. VIÐAUKI*

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í II. viðauka (Annex II) við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 2015/615 sem er birt í Stjórnartíðindum ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1446119481881&uri=CELEX:32015R0615>.